

1. AÐGANGUR OG SAMÞYKKI SKILMÁLA

- i. App Einkalúbbsins er snjallforrit sem gerir þér kleift að fylgjast með og nýta afslætti og fríðindi hjá fyrirtækjum um allt land. Skilmálarnir skulu samþykktir rafrænt af félagalúbbsins eftir að hann skráir sig inn með aðgangsupplýsingum. Með því að sækja Einkalúbbs appið samþykkir félagi að fylgja í hvívetna skilmálum þessum.
- ii. Einkalúbburinn áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum einhliða. Ef breytingar eru ekki til hagsbóta fyrir notanda skal honum tilkynnt um þær á tryggan hátt, s.s. á vefsíðu, með skilaboðum í sms eða tölvupósti. Áframhaldandi notkun á þjónustunni felur í sér samþykki á þeim breytingum sem gerðar eru.
- iii. Félagar geta ávallt nálgast skilmála þessa á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is og í appinu. Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku.

2. SAMÞYKKI FYRIR MARKAÐSSETNINGU OG PERSÓNUVERND

- i. Félagi veitir Einkalúbbum heimild til þess að senda, almennt og út frá staðsetningu, SMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð um tilboð, afslátt eða sérkjör frá samstarfsfyrirtækjum. Félagi veitir Einkalúbbum heimild til að senda skilaboð sem varða notkun kerfisins eða tilkynningar um breytingar á skilmálum.
- ii. Rafrænu skilaboðin og innihald þeirra byggja á vinnslu persónuupplýsinga um félagalúbbsins sem fram fer á grundvelli samþykkis í skilmálum þessum. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einkalúbburinn tryggir persónuvernd með því að leitast við að uppfylla á hverjum tíma lög og reglugerðir sem lúta að persónuvernd, m.a. með mótun öryggisstefnu og setningu þeirra öryggis- og verklagsreglna sem krafist er. Persónuupplýsingar félagalúbbsins eru varðveittar á meðan aðild að klúbbum er í gildi, eins lengi og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Einkalúbbsins eða vinnsluáðila krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.

3. NOTKUN OG ÁBYRGÐ

- i. Notendum er óheimilt að nota þjónustu Einkalúbbsins nema vera félagi í klúbbum eða viðskiptavinur Arion banka. Í því felst m.a. að félögum er óheimilt að deila eða sækja gögn í gegnum appið og útvega gögn til þriðja aðila.
- ii. Almennt miðast sá afsláttur sem veittur er við fullt verð.
- iii. Sýna skal tilboð í appinu við komuna á þann stað sem nota skal fríðindin. Einkalúbburinn ábyrgist ekki að tilboð séu gild enda geta samningar við samstarfsaðila breyst ef eigendaskipti verða hjá samstarfsfyrirtækjum.

4. LÖG OG VARNARÞING

Viðskiptasamband aðila og skilmálar þessir fara eftir íslenskum lögum, svo og öll mál sem rísa kunna af notkun appsins, nema um annað sé sérstaklega samið. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.